



Borgarholtsskóli

INNRA MAT
BORGARHOLTSSKÓLA
SKÝSLA FYRIR
SKÓLAÁRIÐ 2019-2020

EFNISYFIRLIT

I. Inngangur	2
II. Áfangakannanir	4
III. Viðhorfskannanir nemenda	5
Nýnemar	5
Eldri nemendur:	7
IV. Aðrar kannanir	8
V. Tækifæri til umbóta	9

I. INNGANGUR

Sjálfsmati Borgarholtsskóla er ætlað að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem kennslu, stjórnunar og samskipta innan skólans. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnuskrá skólans. Niðurstöðum matsins er ætlað að mynda markvissan grunn til eflingar skólastarfsins og umbóta samhliða því að veita örugga upplýsingagjöf um starfsemi skólans og verður hér gert nánari grein fyrir þeim.

Hvað varðar mat og eftirlit með gæðum í framhaldsskólum er skv. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 markmið þess að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Sérstaklega er fjallað um innra mat í 41. gr. sömu laga en þar er tekið fram að framhaldsskólar skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal framhaldsskóli birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá einnig nánari útfærslu á reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og verkefnastjóri gæðamála hafa yfirumsjón með sjálfsmati Borgarholtsskóla.¹ Í því felst meðal annars áætlanagerð, utanumhald gagna og verkefna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd úrbóta, úrvinnslu og skýrslugerð svo fátt eitt sé nefnt. Sviðsstjórar sjá að lokum um þá þætti sem varða námsbrautir sem undir þá heyra, en fjórir sviðsstjórar starfa hjá Borgarholtsskóla og skiptast sviðin í bóknám, iðn- og starfsnám, listnám og undirbúning- og sérnám.

Innan skólans starfar gæðaráð sem er virkt hvað varðar framkvæmd einstakra þátta matsins svo sem úrvinnslu, gagnaöflun og tillögur að umbótaáætlunum. Sæti í gæðaráði eiga skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fulltrúi kennara og bóksafns- / upplýsingafræðingur auk verkefnastjóra gæðamála.²

Á skólaárinu 2019-2020 var mikil og markviss vinna lögð í jafnlaunakerfi skólans. Kerfið var tekið út og í júní 2020 hlaut skólinn fyrirnefnda jafnlaunavottun í kjölfarið. Jafnframt setti Covid-19 mark sitt á síðari hluta skólaársins en með samvinnu, sveigjanleika og elju tóku stjórnendur, starfsmenn og nemendur höndum saman við að láta það ganga sem best var á kosið.

¹ Á skólaárinu 2019-2020 voru það eftirfarandi aðilar, Ársæll Guðmundsson, skólameistari, Ásta Laufey Aðalsteinsóttir, aðstoðarskólameistari og Magnús V. Magnússon, verkefnastjóri gæðamála.

² Gæðaráð skipaði á skólaárinu 2019-2020, Ársæll Guðmundsson skólameistari, Ásta Laufey Aðalsteinsóttir, aðstoðarskólameistari, Anton Már Gylfason, áfangastjóri, Bryndís Valberg, fulltrúi kennara, Ása Þorkelsdóttir, safnstýra og Magnús V. Magnússon, verkefnastjóri gæðamála.

Fyrir skólaárið 2019-2020 var samþykkt áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir og má finna í henni nánari útlistun á liðum sjálfsmats innan Borgarholtsskóla. Samkvæmt gæðaskjölum skólans er markmiðið með áætluninni að móta gæðahugsun byggða á gæðastöðlum og ná fram umbótum á allri starfsemi skólans.³ Þeir gæðastaðlar sem er vísað í eru aðallega ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi en jafnframt ISO 9000:2015 og 9001:2015 um gæðastjórnunarkerfi og ISO 19011:2019 um úttektir stjórnunarkerfa.

Á mynd 1 má sjá fyrrgreinda áætlun fyrir skólaárið sem meðal annars sýnir það innra mat sem áætlað var að framkvæma á skólaárinu.

Nr.	Heiti	Skjöl	Mánuður												Úttektaraðilar
			Á	S	O	N	D	J	F	M	A	M	J		
1.	Áfangakannanir. Könnun lögð fyrir nemendur um kennslu, skipulag, vinnu og samstarf við kennara. Valið út frá kennurum.					X						X			Verkefnastjóri gæðamála.
2.	Starfsþróunarsamtöl. Skólameistari og aðstoðarskólameistari eiga samtöl við starfsmenn á tveggja ára fresti														Skólameist Aðst.skólam
3.	Starfsmannakönnun um stjórnendur, vinnuaðstöðu, búnað og velliðan á vinnustað	Stofnun ársins sem lögð er fyrir árlega								X					Gallup
4.	Ytri úttekt á Jafnlaunavottun. Versa vottun	Öll skjöl og skrár jafnlaunakerfis										X		X	Versa Vottun
5.	Fundir gæðaráðs þar sem farið er yfir frávík, breytingar, niðurstöður úttekta, þörf fyrir frekari úttektir, forvarnir og annað tilfallandi		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	Áfangastjóri
6.	Víðhorfskönnun meðal nemenda. Spurt um þjónustu við nemendur, líðan, vinnuaðstöðu og viðhorf til félagslífs.									X					Verkefnastjóri gæðamála
7.	Launagreining	Vakta og mæla árlega bætti og viðmið sem hafa áhrif á launamyndun. Staðfesta frammistöðu með till. til markmiða												X	Fjármálastjóri
8.	Lagalegar kröfur og aðrar kröfur	STS-0017, GAT-0037, VKL-0033												X	Skólameistari Verkefnastjóri gæðamála
9.	Innri úttekt – Framkvæmd launagreiningar	VKL-0029,												X	Úttektarteymi
10.	Innri úttekt - Samskipti	VKL-0034, GAT-0038												X	Úttektarteymi
11.	Rýni stjórnenda	VKL-0011, GAT-0022, 0025												X	Skólameistari

Mynd 1. Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og ytri og innri úttektir á skólaárinu 2019-2020.

Hér verða þeir liðir sem innra matið er byggt á sérstaklega teknir út.

- Áfangakannanir (sjá lið 1, mynd 1) voru aðeins framkvæmdar einu sinni á skólaárinu. Verður nánar farið yfir það í II. hluta skýrslunnar.
- Starfsþróunarsamtöl (sjá lið 2, mynd 1), samtölin voru sett á áætlunina en ekki tímasett sérstaklega þar sem samtölin hafa verið á vegum yfirstjórnar skólans. Markviss vinna var sett í að þjálfa stjórnendateymi skólans og sviðstjóra í upphafi skólaársins, þ.e. september og var sú vinna leidd af Gallup. Í kjölfarið voru starfsþróunarsamtöl tekin við starfsmenn skólans í október. Ekki náðist að hafa samtölin á vorönn 2020, en það stendur til bóta á næsta tímabili.

³ Sjá nánar gæðaskjalið GAT-0036 í gæðahandbók skólans.

- Starfsmannakönnunin Stofnun ársins, ákveðið var að láta hana duga á tímabilinu og því ekki lagt í aðra almenna viðhorfskönnun starfsfólks á skólaárinu (sjá lið 3, mynd 1).
- Fundir gæðaráðs (sjá lið 5, mynd 1) voru áætlaðir mánaðarlega. Gæðaráðsfundir á skólaárinu voru haldnir í september, október, febrúar og júní, fleiri fundir áttu sér þó stað á vegum innleiðingarteymis jafnlaunakerfisins sem hittist reglulega á skólaárinu.⁴
- Viðhorfskönnun nemenda (sjá lið 6, mynd 1) áætlað var að leggja hana fyrir á vorönn 2020. Var brugðið út frá þeirri áætlun og könnunin færð á haustönnina líkt og árið á undan. Nánar er farið í það í III. hluta skýrslunnar.

II. ÁFANGAKANNANIR

Stefnt hefur verið að því að leggja mat á flesta áfanga skólans á þriggja ára tímabili og eru þá áfangarnir og kennarar metnir af nemendum. Umfang og svörun í áfangakönnun á tímabilinu 2017 til 2019 má sjá í töflu 1.

Tafla 1 Umfang og svörun í áfangakönnun frá haustinu 2017.

	Önn	Fjöldi hópa	Fjöldi nema	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Dagskóli	Haust 2017	39	834	584	70%
	Vor 2018	55	1007	430	43%
	Haust 2018	50	867	487	56%
	Vor 2019	49	701	480	68%
	Vor 2019 Könnun fyrir áfanga með 2 eða fleiri kennarar	11	244	112	46%
	Haust 2019	38	701	397	57%
Dreifnám	Haust 2017	31	423	290	68%
	Vor 2018	41	526	260	49%
	Haust 2018	47	493	201	41%
	Vor 2019	25	364	235	64%
	Haust 2019	39	542	256	47%

Á haustönn 2019 voru lagðar áfangakannanir fyrir nemendur í alls 38 hópum í dagsskóla og náði það úrtak til alls 15 kennara. Opið var fyrir áfangakannanirnar á tímabilinu 22. nóvember – 3. desember en í heildina var úrtakið 701 og heildarsvör sem bárust voru 397, hlutfallið var því 57%.

Hvað dreifnám skólans varðar þá voru áfangakannanir á haustönn 2019 lagðar fyrir nemendur í alls 39 hópum, úrtakið var 542 og heildarsvör sem bárust voru 256, heildarsvarhlutfall var því 47%. Opið var fyrir kannanirnar á tímabilinu 25. nóvember – 8. desember.

Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennara og stjórnenda og farið er yfir þær í sérstöku viðtali sem framkvæmt er í kjölfar kannananna. Ferlið í heild sinni er liður í að bæta kennslu og þjónustu við nemendur skólans og hefur reynst vel, bæði þegar niðurstöðurnar hafa verið jákvæðar en einnig gefur það tækifæri til þess að grípa jafn vel fyrir inn í aðstæður ef upp koma vandamál, hefur þá skólameistari getað leitað úrlausna með viðkomandi kennara.

⁴ Innleiðingateymið skipaði Ársæll Guðmundsson, skólameistari, Magnea Hansdóttir, fjármálastjóri, Steinunn Þórdís Árnadóttir skjalastjóri og Magnús V. Magnússon, verkefnastjóri gæðamála.

Á vorönn 2020 gafst ekki færi á að leggja fyrir áfangakannanir en Covid-19 setti mark sitt á önnina að verulegu leiti. Áfangakannanirnar, sérstaklega í dagskóla hafa almennt miðast við hefðbundna staðkennslu en á vorönninni var umhverfið töluvert breytt frá því sem áður hafði verið. Eðli máls samkvæmt kallaði það á endurskoðun þeirra spurninga sem lagðar voru fyrir í áfangakönnun en tími umsjónaraðila sjálfsmatsins var að miklu leiti bundin við jafnlaunavottunina svo sú ákvörðun var tekin að leggja ekki áfangakannanir fyrir á önninni.

III. VIÐHORFSKANNANIR NEMENDA

Líkt og fram kemur í I. hluta skýrslunnar var áætlað að leggja viðhorfskannanir nemenda fyrir í febrúar 2020. Sú áætlun tók breytingum á skólaárinu og voru viðhorfskannanir nemenda í dagskóla framkvæmdar í október 2019. Árið áður hafði sama könnun verið lögð fyrir nemendur á haustönn og auðveldar það samanburð á niðurstöðum. Eftirfarandi samantekt á helstu niðurstöðum kannananna voru kynntar fyrir starfsmönnum skólans.

Nýnemar

Viðhorfskönnun nýnema á tímabilinu 3-10. október, úrtakið var 224 nemendur og bárust svör frá 163 þeirra. Heildarsvarhlutfall kannanarinnar var því 73%.

- Almennt viðhorf nýnema til skólans og kennara.
 - „*Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu*“. Haustið 2019 voru 74% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 6 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 80%.
 - „*Mér finnst kennarar í skólanum almennt sanngjarnir og jákvæðir*“. Haustið 2019 voru 82% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 5 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 87%. Nýnemar virðast ekki eins jákvæðir í svörum varðandi almennt viðhorf þeirra til skólans og kennara í samanburði við árið áður. Þegar litið er til fyrrgreindra niðurstaða vakna spurningar um væntingar nemenda í upphafi skólagöngu og frammistöðu skólans hvað það varðar, verður fylgst nánar með þessum atriðum í næstu viðhorfskönnunum.
 - „*Skólinn býr mig undir þátttöku í fjölbreyttu samfélagi*“. Haustið 2019 voru 62% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 10 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 72%. Samhliða hækkaði hlutfall þeirra nemenda sem var ósammála um 6 prósentustig, úr 4% 2018 og upp í 10% 2019.
 - „*Skólinn vinnur gegn stöðluðum kynjamyndum, m.a. fræðslu um jafnréttismál*“. Haustið 2019 voru 49% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 10 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 59%. Aðspurð hvort þeim fyndist skólinn búa þau undir þátttöku í fjölbreyttu samfélagi og hvort skólinn ynni gegn stöðluðum kynjamyndum, þá var töluverð lækkun frá árinu áður sem vert er að fylgjast nánar með.
- Mat nemenda á eigin stöðu og námið.

- „*Mér finnst mikilvægt að standa mig vel í náminu*“. Haustið 2019 voru 93% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan, eða hækkun um 3 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 90%.
- „*Ég er meðvituð / meðvitaður um að ég ber ábyrgð á námi mínu*“. Haustið 2019 voru 92% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan, eða hækkun um 3 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 89%.
- „*Námsálag á nemendur er hóflegt*“. Haustið 2019 voru 62% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 8 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 54%. Greina má einnig breytingu í svörum þeirra sem voru ósammála fullyrðingunni en Haustið 2019 var 9% ósammála sem er 8 prósentustiga lækkun frá árinu áður þegar hlutfallið var 17%.
- „*Ég nýti Vörður til að íhuga stöðu mína í náminu*“. Haustið 2019 voru 55% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er töluverð lækkun, alls 16 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 71%. Ber að merkja að þegar könnunin var gerð voru nýafstaðin Vörðuviðtöl og var það eins árið áður. Þegar því er velt upp hvaða vísbendingu lægra hlutfall nemenda sem nýta sér Vörður til að íhuga stöðu sína í náminu gefur er áhugavert að skoða spurninguna í samhengi við hátt hlutfall þeirra nemenda sem töldu mikilvægt að standa sig vel í náminu. Virðist ekki vera samræmi þar á milli líkt og mátti búast við að yrði.
- „*Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?*“. Haustið 2019 voru 81% nýnema sem segjast eyða minna en 2 klst. á dag í heimanám á mótí 75% nýnema á síðasta ári. Um er að ræða 6 prósentustiga hækkun á milli ára. Heimanám virðist vera að minnka hjá nemendum og áhugavert væri að fylgjast nánar með þeirri þróun.
- Líðan nemenda virðist hafa sætt litlum breytingum í skólanum frá síðasta ári. Hlutfall þeirra sem telur sig hafa orðið fyrir einelti í skólanum er næstum það sama og í fyrra, sama er að segja um kvíða, nánast sama hlutfall og í fyrra.
 - „*Ég finn fyrir kvíða í skólanum*“. Haustið 2019 voru 29% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 1 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 28%.
 - „*Ég hef orðið fyrir einelti hér í skólanum*“. Haustið 2019 voru 9% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 1 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 10%. Auður skólans er að miklu falinn í nemendum hans og mikilvægt að huga vel að líðan þeirra og einelti ætti hvergi að viðgangast.
 - „*Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta*“. Haustið 2019 voru 59% nýnema nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 6 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 65%. Nýnemar þetta árið virðast ekki upplifa jafn mikla hvatningu af hálfu skólans til heilbrigðra lífshátta eins og nýnemar í fyrra.

Eldri nemendur:

Viðhorfskönnun eldri nema á tímabilinu 5-15. október úrtakið var 830 nemendur og bárust svör frá 349 þeirra. Heildarsvarhlutfall kannanarinnar var því 42%.

- Almennt viðhorf til skólans og kennara.
 - „*Andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og gagnkvæmri virðingu*“
Haustið 2019 voru 59% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 5 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 54%.
 - „*Mér finnst kennarar í skólanum almennt sanngjarnir og jákvæðir*“. Haustið 2019 voru 71% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 3 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 68%.
 - „*Ég hef greiðan aðgang að umsjónakennara mínum*“. Haustið 2019 voru 46% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 5 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 51%.
 - „*Umsjónakennarinn minn hefur frumkvæði að samskiptum við mig*“. Haustið 2019 voru 34% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem sambærilegt haustinu 2018 þegar hlutfallið var 31%. Munur liggur ef til vill þó í hlutfalli þeirra sem var ósammála, haustið 2019 var 25% svarenda ósammála um er því að ræða 6 prósentustiga hækkun frá árinu áður þegar hlutfallið var 19%. Varðandi umsjónina mætti hugsanlega athuga hvort gera mætti betur þar sem jákvætt svarhlutfall er heldur í lægri kantinum. Þeirri spurningu má velta upp hvort ástæða sé til að endurskoða hlutverk, skilgreiningu eða verklag umsjónakennara frá grunni.
- Kennslukerfi:
 - „*Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegar í Miðlunni*“. Haustið 2019 voru 14% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er lækkun um 24 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 38%. Áhugavert er að bera lágt hlutfall þessarar spurningar saman við hátt hlutfall sambærilegrar spurningar um kennsluhluta Innu.
 - „*Mér finnst nauðsynlegt að upplýsingar um námið í hverjum áfanga fyrir sig séu aðgengilegar í Innu*“. Haustið 2019 voru 88% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er 4 prósentustiga hækkun frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 84%.
- Mat nemenda á eigin stöðu og námið:
 - „*Mér finnst nauðsynlegt að standa mig vel í náminu*“. Haustið 2019 voru 88% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan þegar hlutfallið var 89%.
 - „*Ég er meðvituð / meðvitaður um að ég ber ábyrgð á námi mínu*“. Haustið 2019 voru 92% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan þegar hlutfallið var 91%.
 - „*Ég nýti mér stuðningsþjónustu skólans þegar ég þarf á að halda (náms- og starfráðgjöf, aukatíma og þjónustu félags- og forvarnafulltrúa)*“. Haustið 2019

voru 41% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 13 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 28%. Þetta ár segjast fleiri nemendur nýta sér stuðningsþjónustu skólans en gerðu árið áður og verður að telja jákvætt ef nemendur eru meira vakandi fyrir því að sækja sér aðstoð, sé hennar þörf.

- „Ég nýti mér VÖRÐUR til að íhuga stöðu mína í náminu“. Haustið 2019 voru 49% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan þegar hlutfallið var 50%. Svör við þessari fullyrðingu benda ef til vill til þess að einhverjir nemendur séu ekki að taka alvarlega þau viðvörunarljós sem kunna að birtast í vörðuviðtölum.
- „Mér finnst gott að foreldrar / forráðamenn mínir fylgist vel með hvernig mér gengur í skólanum“. Haustið 2019 voru 36% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu áður þegar hlutfallið var 37%.
- „Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?“. Haustið 2019 voru 78% eldri nemenda sem segjast eyða minna en 2 klst. á dag í heimanám á móti 72% á síðasta ári. Um er að ræða 6 prósentustiga hækkun á milli ára. Heimanám virðist vera að minna hjá nemendum og áhugavert að fylgjast nánar með þeirri þróun. Áhugavert er að skoða það samhliða svörum um mat á námsálagi nemenda sem hefur hækkað.
- „Námsálag á nemendur er hóflegt“. Haustið 2019 voru 47% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er 8 prósentustiga hækkun frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 39%.
- Líðan nemenda:
 - „Skólinn hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta“. Haustið 2019 voru 58% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er hækkun um 10 prósentustig frá haustinu 2018 þegar hlutfallið var 48%.
 - „Ég finn fyrir kvíða í skólanum“. Haustið 2019 voru 33% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er svipað árinu á undan þegar hlutfallið var 32%.
 - „Ég hef nýlega orðið fyrir einelti hér í skólanum“. Haustið 2019 voru 4% eldri nemenda nokkuð eða mjög sammála þessari fullyrðingu sem er sama hlutfall og árið áður. Enn er að finna nemendur sem segjast hafa orðið fyrir einelti í skólanum, staðan er nákvæmlega eins og árið áður. Sömu sögu er að segja um kvíða meðal nemenda. Hafa þarf augun opin fyrir líðan nemenda skólans og einelti á ekki að tíðkast, hvorki í Borgarholtsskóla né annarstaðar.

IV. AÐRAR KANNANIR

Vorönnin á þessu skólaári var að mörgu leiti fordæmalaus og krafðist viðbragða af hálfu skólans og sveigjanleika hvað varðar þær áætlanir sem voru í gildi. Þrátt fyrir ýmsar þær breytingar sem áttu sér stað í skólastarfi og samfélaginu öllu var ákveðið að leggja fyrir kannanir bæði fyrir starfsmenn og nemendur sem voru ekki fyrirfram skipulagðar. Viðhorf til umsjónar var kannað í lok febrúar þar sem úrtakið var 206 nemendur og alls bárust svör frá 127. Í mars var gerð

viðhorfskönnun afreksípróttasviðs þar sem úrtakið var 140 nemendur og alls 128 svör bárust. Að lokum var gerð könnun á viðhorfi nemenda á Covid-19 tímum í byrjun maí þar sem úrtakið var 956 nemendur og svör bárust frá alls 579. Þá ber helst að nefna að 50% svarenda svöruðu því jákvætt þegar spurt var hvort umsjónakennari þeirra hafi haft samband við þau að fyrra bragði, en þeirri spurningu er ætlað að varpa ljósi á eftirfylgni og utanumhald með nemendum. Aðspurð hvernig hafi almennt gengið að nýta fjarkennsluna svöruðu 27% mjög vel, 46% ágætlega, 17% ekki sérstaklega vel og 10% mjög illa. Mat nemenda á því hvernig kennurum hafi tekist að laga kennslu sína að breyttum aðstæðum var að 24% svöruðu mjög vel og 57% ágætlega, þá svöruðu 15% ekki sérstaklega vel og aðeins 3% mjög illa. Varðandi stöðu þessara nemenda í lok annar taldi meiri hluti svarenda að þeir myndu að öllum líkindum ljúka öllum þeim áföngum sem ég er skráð(ur) í á önninni eða 53% og 29% taldi sig ljúka meiri hluta af þeim áföngum sem þau voru skráð í.

Hvað varðar kennara var auk þess gerð könnun á viðhorfi þeirra á Covid-19 tímum á sama tíma, í byrjun maí, en þar var úrtakið 90 og svör bárust frá 50. Ekki var farið í hefðbundna viðhorfskönnun starfsmanna á þessu skólaári. Aftur á móti var litið til niðurstaðna starfsmannakannanarinnar Stofnun ársins sem var lögð fyrir í febrúar-apríl 2020. Heildarúrtakið var 27.983 og náði það til 200 stofnanna. Innan Borgarholtsskóla var úrtakið allir starfsmenn skólans, alls 146 og 102 svöruðu eða 70%.

V. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Áfangakannanir voru framkvæmdar einu sinni á skólaárinu, sbr. umfjöllun II. hluta skýrslunnar. Vegna þeirrar óvissu sem ríkti á vorönninni var ákveðið að leggja ekki fyrir áfangakannanir á þeirri önn.
- Starfsþróunarsamtöl, ekki náðist að hafa þau á seinni önn skólaársins en það stendur til bóta á næsta tímabili.
- Á næsta skólaári verður lögð viðhorfskönnun fyrir starfsmenn sem bera má saman við niðurstöður starfsmannakönnunarinnar Stofnunar ársins, þar sem svörunin breytist lítið á milli ára.
- Leita má til þess að bæta svarhlutfall bæði í áfangakönnunum og einnig í viðhorfskönnunum.
- Á komandi tímabili, haldi Covid-19 áfram að hafa áhrif á skólastarfið, er áhugavert að víkka úrtak kannananna til foreldra og forráðamanna nemenda. Nemendur þurfa í auknum mæli, í þeim aðstæðum sem nú eru uppi, að treysta á það bakland sem er heima fyrir og með því að leggja könnun fyrir þann hóp væri jafnvel hægt að sjá hvernig bæta mætti þjónustuna.
- Að lokum má kanna nánar áhrif Covid-19 á nemendur skólans og starfsfólk, svo bregðast megi við og bæta þjónustu ef þarf.